

Föstudaginn 27. janúar 1995

45. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 3/1995

Auglýsingar undir nafni Heildsölubakarís á heildsöluverði til neytenda.

Þann 3. júní 1993 úrskurðaði Samkeppnisráð vegna auglýsinga Borgarbakarís og eru úrskurðarorð svohljóðandi:

"Samkeppnisráð vekur athygli á að samkvæmt íslenskri málvenju eru orðin heildsala og heildsöluverð ekki notuð þegar selt er í smásölu til neytenda. Heildsöluverð og heildsala eru notuð um sölu á vörum til smásala eða á vörum til endursölu með öðrum hætti.

Útibú Borgarbakarís - Ódýri brauð og kökumarkaðurinn - auglýsir að vörur þær sem bakarið selur séu seldar á heildsöluverði. Ennfremur auglýsir Ódýri brauð og kökumarkaðurinn verzlun sína sem heildsölubakarí. Fyrirtækið selur vörur sínar hins vegar fyrst og fremst í smásölu beint til neytenda eins og fjöldi annarra bakaría. Hugtökin heildsala og heildsöluverð vísa til þess að vara sé seld áfram á innkaupsverði frá heildsala án álagningar til að mæta kostnaði við smásölu vörunnar. Umrædd notkun hugtakanna er því ekki í samræmi við íslenska málvenju og því beinlínis villandi. Samkeppnisráð telur því að það brjóti í bága við 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993."

Samkeppnisstofnun barst greinargerð frá Borgarbakarí þann 21. júní 1993 vegna úrskurðarins og þann 12. ágúst 1993 barst bréf frá lögmanni fyrirtækisins.

Þann 17. október 1994 barst bréf frá Landssambandi Bakarameistara þar sem athygli var vakin á því að ennþá auglýsi Ódýri brauð og kökumarkaðurinn heildsöluverð í nafni Heildsölubakarís, og búið væri að opna tvær nýjar útsölur undir sama nafni við Hlemm og Grensásveg. Í bréfinu er þess farið á leit að Samkeppnisstofnun sjái til þess að úrskurði frá 3. júní 1993 verði fylgt eftir.

Samkeppnisstofnun gaf Borgarbakarí kost á því að koma frekari sjónarmiðum á framfæri með bréfi dags. 24. október 1994. Lögmaður Borgarbakarís sendi stofnuninni bréf dags. þann 7. nóvember 1994. Í bréfinu kemur fram að umbjóðandi hans telji sig hafa sýnt fram á að útsöluverð á söluvörum hans hafi í flestum ef ekki öllum tilfellum reynst í verðkönnunum lægra en heildsöluverð annarra bakaría og því sé ekki um villandi upplýsingar að ræða og hann telji sig ekki hafa brotið í bága við úrskurð Samkeppnisráðs frá 3. júní 1993 þar sem upplýsingar í auglýsingum hans hafi verið réttar. Einnig er í bréfinu tilkynnt um það að nafni fyrirtækisins hafi verið breytt úr Borgarbakarí í

Heildsölubakarí þann 31. október og fylgir með ljósrit af tilkynningu til Firmaskrár Reykjavíkur. Kemur fram að söluvara fyrirtækisins verði auglýst og seld undir því nafni.

Auglýsinganefnd fjallaði um málið þann 1. desember 1994 og var eftirfarandi samþykkt:

"Auglýsinganefnd leggur til að Samkeppnisráð banni að auglýst sé undir nafni "Heildsölubakarís" á "heildsöluverði" þegar selt er í smásölu til neytenda. Það brýtur í bága við 21.gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að nota orðin með þessum hætti þar sem um ranga og villandi upplýsingagjöf sé að ræða. Lagt er til að banninu verði fylgt eftir með dagsektum, kr. 50.000 á dag, ef bannið er brotið. Bann þetta er byggt á 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993."

Ákvörðunarorð:

"Samkeppnisráð bannar með heimild í 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að auglýst sé með orðunum "Heildsölubakarí" og "heildsöluverð" þegar selt er í smásölu til neytenda. Það brýtur í bága við 21.gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 að nota orðin með þessum hætti þar sem um ranga og villandi upplýsingagjöf er að ræða".

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð árájunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 13/1995](#)]